

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 62/2012**

2012/EES/43/29

frá 30. mars 2012

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi texti bætist við í lið 55c (felldur brott):

„**32009 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 55a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB):

„– **32009 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009. (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56ca (tilskipun ráðsins 1999/35/EB):

„– **32009 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009. (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/18/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.